

Hvað segja kennarar?

„Ég finn að aðferðin hentar öllum nemendum, alveg sama á hvaða stigi þeir eru. Ég hef verið mjög ánægð í vetur.”

(2005)

„Mér finnast kennsluáðferðir Byrjendalæsis falla vel að stærðfræðikennslunni, eins og ég vil sjá hana. Þetta er sama nálgunin.”

(2008)

„...ég finn það nú þegar ég kem á nýjan stað hvað þetta hefur verið frábært og frábær hugmyndafræði á bak við. Ég kenni núna 5. og 6. bekk og get nýtt mér þetta í svo mörgu. Ég var hér að skoða spjöldin sem við unnum með fyrirmælum um t.d. sögugerð og fleira og ákvað að nota þau í 5. bekknum og þetta snarvirkar.”

(2008)

„Mér finnst ég vera að læra nýja kennsluhætti sem munu breyta allri minni kennslu, hvar og hverjum sem ég kenni”

(2008)



Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Miðstöð skólaþróunar HA veitir leik- og grunn-
skólum ráðgjafabjónustu um nám og kennslu.

Áherslur:

- *Námshættir og árangur í námi*
- *Læsi*
 - *Byrjendalæsi*
 - *Orð af orði*
 - *Lesskilningur*
 - *Ritun*
 - *Fágæti og furðuverk*
- *Samstarf heimilis og skóla*
- *Einstaklingsmiðuð kennsla*
- *Námsmat*
- *Stærðfræði*
- *Kennsluhættir*

Forstöðumaður:

Birna Svanbjörnsdóttir – birnas@unak.is
Sími 460 8579

Sérfræðingar:

Guðmundur Engilbertsson – ge@unak.is

Ingibjörg Auðunsdóttir – ingibj@unak.is

Jenný Gunnbjörnsdóttir – jennyg@unak.is

Rósa Eggertsdóttir – rosa@unak.is

Þóra Rósa Geirsdóttir – thgeirs@unak.is

Skólum stendur til boða að fá kynningu á
Byrjendalæsi.

Háskólinn á Akureyri - Miðstöð skólaþróunar

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími 460 8000 vefang: <http://www.unak.is/>

Miðstöð skólaþróunar
við Háskólann á
Akureyri

Byrjendalæsi



Háskólinn
á Akureyri

Læsi

Hugtakið læsi hefur lengst af verið tengt lestri og skrift eða lestri og ritun. Hin síðari ár hefur inntak þess vikkad og hugtakið látið taka til hinna ýmsu forma sem málið tekur á sig og hvernig þau tengjast. Í kjölfarið hefur læsi verið notað sem yfirheiti fyrir lestur, ritun, lesskilning/málskilning, tal og hlustun.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluáferð í læsi í 1. og 2. bekk. Kennsluáferðin hefur verið mótuð og þróuð við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur.



Viðhorf til náms og kennslu eru í anda hugsmíðahyggi. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.

Grunnstoðir Byrjendalæsis

- * Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- * Merkingarbær viðfangsefni
- * Nám er félagslegt ferli
- * Unnið út frá gædatexta
- * Einstaklingsmiðun í kennslu
- * Nám án aðgreiningar
- * Samvinna nemenda í námi.

Góðar barnabækur er sá efniviður sem hvað mest er unnið með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning.

Mikilvægi læsis

Óumdeilt er í nútíma samfélagi að miklu skiptir að skólar á öllum stigum hlúi sem best að góðri færni allra nemenda í læsi, enda byggir annað nám á góðri lestrarfærni. Því er mikið í húfi að vel takist til í náminu þar sem framtíðarmöguleikar einstaklingsins eru að miklu leyti komnir undir því að skólagangan verði farsæl. Mikilvægt er að miðlun þekkingar í formi þróunar- og nýbreytniverkefna, ráðgjöf, handleiðslu, fræðslu og stuðnings við skólafólk sé aðgengileg.



Þróunarstarf


Samhliða þróun *Byrjendalæsis* hefur verið mótað starfsþróunarlíkan sem tekur til tveggja ára. Á þeim tíma fá kennarar kennslu og öflugan stuðning við að tileinka sér aðferðina. Að auki



stendur skólum og skólaskrifstofum til boða að mennta leiðtoga sem annast ráðgjöf og halda námskeið fyrir kennara á heimasvæði.

Þróunarstarfið hefst með námskeiði að hausti og yfir veturinn eru haldnar námssmiðjur og ráðgjöf veitt. Verkefninu fylgir fræðsluefni um lestur og læsi og einnig hagnýtt kennsluefni. Auk þess er vefritið *Byrjendalæsi* gefið út fjórum sinnum á ári og er það aðgengilegt á heimasíðu Miðstöðvar skólaþróunar.

Þá mun Miðstöð skólaþróunar standa fyrir ráðstefnum um *Byrjendalæsi* annað hvert ár.



Starfsþróunarlíkan

Það er mikilvægt að fyrstu tvö árin sem kennt er eftir *Byrjendalæsi* fái kennarar öflugan stuðning. Skólar eiga kost á að fá ráðgjafa frá Miðstöð skólaþróunar HA inn í skólana til að vinna með kennurum. Þó er mælt með því að skólar mennti eigin leiðtoga í *Byrjendalæsi*. Hann tekur yfir ráðgjafahlutverkið, verður stuðningsaðili kennaranna og nýtur handleiðslu frá HA í tvö ár. Þjónusta Miðstöðvar skólaþróunar felst í eftirfarandi:

Kennarar:

- * 2ja daga haustnámskeið (1 dagur síðara árið)
- * 8 heimsóknir ráðgjafa (6 síðara árið)
- * 4-5 smiðjur, alls 18 klst. hvorn vetur
- * Hópfundur að vori.

Leiðtogar:

- * 2ja daga haustnámskeið (1 dagur síðara árið)
- * 2ja daga haustnámskeið með kennurum (1 síðara árið)
- * 4 leiðtogadagar yfir veturinn
- * Handleiðsla frá HA og stuðningur.

Ráðgjafar HA heimsækja hvern þátttökuskóla tvisvar á vetri til að hitta kennara og leiðtoga til skrafs og ráðagerða. Hægt er að fá hvaða einstaka þátt þróunarverkefnisins sem er tilsníðinn fyrir einstaka skóla.